

**Vegna:** Máls nr. 1188/2024, Borgarlínan í Kópavogi (Kynning tillögu)

**Athugasemd:**

Það er mikilvægt að hjólastígakerfið þjóni Kópavogsbúum og Kársnesingum. Lega stofnhjólastíga meðfram Kópavogsbraut, Kársnesbraut er mun hepplilegri en meðfram sunnanverðri strandlengjunni. Með því móti að leggja stofnstíginn frekar á Kópavogs- og Kársnesbraut þá færst stígur sem þjónar samfélagi Kársness, sem ákall hefur verið eftir. Tengir þannig skólana, sundlaug, bókasafnið, heilsugæslu, Hamraborg og matvöruverslanir. Það eru því marþættir hagsmunir sem slík lega stofnstígs myndi þjóna, auk þess dregur það úr veðurfarslegum vandamálum meðfram ströndinni sem gerir notkun hans erfiða um vetur. Strandlengjuna, umhverfi hennar, dýralíf og mannlíf ber að vernda til samræmis við Heimsmarkmiðin sem Kópavogsbær er stoltur aðili að. Stórt umferðarmannvirki meðfram sjónum kallar á þjónustu sem er mjög mengandi með tilheyrandi snjó ruðningi og söltun. Það yrði mikið tjón að setja slíkt mannvirki í kyrrlátt útivistar svæði sem státar að náttúrufergurð og er auk þess friðlýst.

**Höfundur:** Hulda Jónasdóttir/huldajonas@simnet.is

**Sent inn þann:** 25.01.2025, **Fyrir hönd:**